

REGLUGERÐ
um (1.) breytingu á reglugerð nr. 677/2021
um meðferð plöntuverndarvara og útrýmingarefna.

1. gr.

Við reglugerðina bætist nýr viðauki, sem birtur er með reglugerð þessari.

2. gr.

Reglugerðin er sett til innleiðingar á tilskipun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/782 frá 15. maí 2019 um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/128/EB að því er varðar að ákvarða samræmda áhættuvísa, sem vísað er til í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, eins og honum var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2022, þann 29. apríl 2022.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. tölul. 1. mgr. 11. gr. efnalaga nr. 61/2013.
Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu, 30. maí 2022.

Guðlaugur Þór Þórðarson.

Sigríður Auður Arnardóttir.

VII. VIÐAUKI

Samræmdir áhættuvísar.

1. ÞÁTTUR

Samræmdir áhættuvísar.

Samræmdu áhættuvísarnir eru tilgreindir í 2. og 3. þætti þessa viðauka.

2. ÞÁTTUR

Samræmdur áhættuvísir 1: Hættutengdur samræmdur áhættuvísir sem byggist á magni virkra efna sem sett er á markað í plöntuverndarvörum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009.

1. Þessi vísir skal byggjast á tölfræðilegum upplýsingum um magn virkra efna, sem sett er á markað í plöntuverndarvörum samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009, sem framkvæmdastjórnin (Hagstofa Evrópusambandsins) fær afhentar samkvæmt I. viðauka (Hagskýrslur um setningu varnarefna á markað) við reglugerð (EB) nr. 1185/2009. Þessi gögn eru flokkuð í fjóra yfirflokka sem skiptast í 7 undirflokka.
2. Eftirfarandi almennar reglur gilda um útreikning á samræmdum áhættuvísi 1:
 - a) samræmdur áhættuvísir 1 skal reiknaður út á grundvelli flokkunar á virkum efnum í þá 4 yfirflokka og 7 undirflokka sem settir eru fram í töflu 1,
 - b) virku efnin í yfirflokk 1 (undirflokkur A og B) skulu vera þau sem eru tilgreind í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011,
 - c) virku efnin í yfirflokk 2 (undirflokkur C og D) skulu vera þau sem eru tilgreind í A- og B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011,
 - d) virku efnin í yfirflokk 3 (undirflokkur E og F) skulu vera þau sem eru tilgreind í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011,

- e) virku efnin í yfirflokk 4 (undirflokkur G) skulu vera þau sem eru ekki samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru því ekki tilgreind í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011,
- f) vægið í línu vi. í töflu 1 gildir.
3. Reikna skal samræmdan áhættustuðul 1 með því að margfalda árlegt magn virkra efna, sem sett er á markað, í hverjum yfirflokk í töflu 1 með viðeigandi hættuvægi sem sett er fram í línu vi. og því næst skal steypa saman niðurstöðum þessara útreikninga.
4. Reikna má út magn virkra efna, sem sett er á markað, fyrir hvern yfirflokk og undirflokk í töflu 1.

Tafla 1

Flokkun virkra efna og hættuvægis í þeim tilgangi að reikna út samræmdan áhættuvísi 1.

Lína	Yfirflokkar						
	1		2		3		4
i.	Áhættulítill virk efni sem eru samþykkt eða teljast samþykkt skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og eru tilgreind í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011		Virk efni sem eru samþykkt eða teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og falla ekki undir aðra flokka og sem eru tilgreind í A- og B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011		Virk efni, sem eru efni sem ráðgert er að skipta út, sem eru samþykkt eða teljast samþykkt skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og sem eru tilgreind í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011		Virk efni sem eru ekki samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru því ekki tilgreind í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011
ii.	Undirflokkar						
iii.	A	B	C	D	E	F	G
iv.	Örverur	Efnafræðilega virk efni	Örverur	Efnafræðilega virk efni	Sem eru ekki flokkuð sem: Krabbameinsvaldandi, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Efni sem hafa eiturrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Innkirtlatruflandi efni	Sem eru flokkuð sem: Krabbameinsvaldandi, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Efni sem hafa eiturrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Innkirtlatruflandi efni með óveruleg váhrif á menn	
v.	Hættuvægi sem gildir um magn virkra efna, sem sett er á markað, í vörum sem eru leyfðar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009						
vi.	1		8		16		64

5. Grunnlínan fyrir samræmdan áhættuvísi 1 skal stillt á 100 og er jöfn og meðaltalsniðurstaðan úr útreikningnum hér á undan fyrir tímabilið 2011–2013.
6. Niðurstaðan úr samræmdum áhættuvísi 1 skal gefin upp með vísun í grunnlínuna.

7. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu reikna út og birta samræmdan áhættuvísi 1 í samræmi við 2. og 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2009/128/EB fyrir hvert almanaksár og í síðasta lagi 20 mánuðum frá lokum þess árs sem samræmdur áhættuvísir 1 er reiknaður fyrir.

3. ÞÁTTUR

Samræmdur áhættuvísir 2: Samræmdur áhættuvísir sem byggist á þeim fjölda leyfa sem eru veitt skv. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009.

1. Þessi vísir skal byggjast á þeim fjölda leyfa sem eru veitt fyrir plöntuverndarvörum skv. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 sem framkvæmdastjórninni er tilkynnt um skv. 1. mgr. 53. gr. þeirrar reglugerðar. Þessi gögn eru flokkuð í fjóra yfirflokka sem skiptast í 7 undirflokka.
2. Eftirfarandi almennar reglur gilda um útreikning á samræmdum áhættuvísi 2:
 - a) samræmdur áhættuvísir 2 skal byggjast á þeim fjölda leyfa sem eru veitt skv. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009. Hann skal reiknaður út á grundvelli flokkunar á virkum efnum í þá 4 yfirflokka og 7 undirflokka sem settir eru fram í töflu 2 í þessum þætti,
 - b) virku efnin í yfirflokk 1 (undirflokkur A og B) eru tilgreind í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 540/2011,
 - c) virku efnin í yfirflokk 2 (undirflokkur C og D) eru þau sem eru tilgreind í A- og B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011,
 - d) virku efnin í yfirflokk 3 (undirflokkur E og F) skulu vera þau sem eru tilgreind í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011,
 - e) virku efnin í yfirflokk 4 (undirflokkur G) skulu vera þau sem eru ekki samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru því ekki tilgreind í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011,
 - f) vægið í línu vi. í töflu 2 í þessum þætti gildir.
3. Reikna skal samræmdan áhættustuðul 2 með því að margfalda fjölda leyfa, sem eru veitt fyrir plöntuverndarvörum skv. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009, fyrir hvern yfirflokk í töflu 2 með viðeigandi hættuvægi sem sett er fram í línu vi. og því næst skal steypa saman niðurstöðum þessara útreikninga.

Tafla 2

Flokkun virkra efna og hættuvægis í þeim tilgangi að reikna út samræmdan áhættuvísi 2.

Lína	Yfirflokkar			
	1	2	3	4
i.	Áhættulítill virk efni sem eru samþykkt eða teljast samþykkt skv. 22. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og eru tilgreind í D-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011	Virk efni sem eru samþykkt eða teljast samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og falla ekki undir aðra flokka og sem eru tilgreind í A- og B-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011	Virk efni, sem eru efni sem ráðgert er að skipta út, sem eru samþykkt eða teljast samþykkt skv. 24. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009 og sem eru tilgreind í E-hluta viðaukans við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011	Virk efni sem eru ekki samþykkt samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1107/2009 og eru því ekki tilgreind í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 540/2011

Lína	Yfirflokkar						
	1	2	3	4			
ii.	Undirflokkar						
iii.	A	B	C	D	E	F	G
iv.	Örverur	Efnafræðilega virk efni	Örverur	Efnafræðilega virk efni	Sem eru ekki flokkuð sem: Krabbameinsvaldandi, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Innkirtlatruflandi efni	Sem eru flokkuð sem: Krabbameinsvaldandi, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A eða 1B og/eða Innkirtlatruflandi efni með óveruleg váhrif á menn	
v.	Hættuvægi sem gildir um þann fjölda leyfa sem eru veitt skv. 53. gr. reglugerðar (EB) nr. 1107/2009						
vi.	1		8		16		64

4. Grunnlínan fyrir samræmdan áhættuvísi 2 skal stillt á 100 og er jöfn og meðaltalsniðurstaðan úr útreikningnum hér á undan fyrir tímabilið 2011–2013.
5. Niðurstaðan úr samræmdum áhættuvísi 2 skal gefin upp með vísun í grunnlínuna.
6. Aðildarríkin og framkvæmdastjórnin skulu reikna út og birta samræmdan áhættuvísi 2 í samræmi við 2. og 4. mgr. 15. gr. tilskipunar 2009/128/EB fyrir hvert almanaksár og í síðasta lagi 20 mánuðum frá lokum þess árs sem samræmdur áhættuvísir 2 er reiknaður fyrir.